

Staðfesting konungs á skipulagsskrá um „Minningarsjóð séra Einars Pálssonar og frú Jóhönnu K. K. Eggertsdóttur, Reykholtshjóna“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra 28. marz 1931. Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir

Minningarsjóð síra Einars Pálssonar og frú Jóhönnu K. K. Eggertsdóttur, Reykholtshjóna.

Við burtför okkar hjóna frá Reykholtsprestakalli síðastliðið voru okkur auk margra annara sæmdar og samúðarvotta afhentar fjárhæðir, er verði stofn að sjóði, sem kenndur skuli við okkur, en okkur að öðru leyti látið frjálst um ráðstöfun.

Samkvæmt þessu er stofnaður sjóður með ofanskráðu nafni að hæð 864 — átta hundruð sextíu og fjórar — krónur. Fé þetta skal ætíð ávaxta í aðaldeild Söfnunarsjóðs Íslands, og skal nú þegar skipta því þar í 4 deildir jafnstórar, með aðgreindum fjárhag, er séu sérskilin eign hverrar hinna fjögurra sókna Reykholtsprestakalls, Reykholt, Stóra-Áss, Gilsbakka og Síðumúli. Leggist sókn (kirkja) niður, skal deild hennar skiptast milli hinna deildanna, að jöfnum hlut til hverrar. — Allir vextir leggjast við höfuðstól, þangað til ársvextir af hverri hinna fjögurra deilda Minningarsjóðs Gunnlaugs Briem sonar okkar, sem stofnaður er samtímis, nema að minnsta kosti 40 krónum. Þaðan af má taka út hálfa vexti árlega af Minningarsjóði okkar og ráðstafar þá hver sóknarnefnd þeim, ásamt einum fjórða vaxta af Minningarsjóði Gunnlaugs, til einhvers þess, er styðja má andlega eða líkamlega hollustu og velfarnan í kristilegum anda uppvaxandi einstaklinga eða kynslóðar þar í sókn. Með sóknarnefnd skal sóknarprestur ætíð vera í samráði um þessi mál, og hafa þar um fyllst atkvæði, þannig að ef atkvæði verða jöfn, skal atkvæði hans ráða.

Mætti blessun Guðs jafnan fylgja því, sem hér er stofnað. Í krafti þessarar hugsunar fari þeir með stjórnina, sem það eiga að gera.

Leita skal konunglegrar staðfestingar á skipulagsskrá þessari.

Reykjavík, 2. febr. 1931.

Einar Pálsson. Jóhanna Eggertsdóttir.